




Mikilvægi skattfrjálsrar ráðstöfunar fyrir heimili landsins

Heimild til skattfrjálsrar ráðstöfunar séreignarsparnaðar inn á húsnæðislán tók gildi þann 1. júlí 2014. Úrræðið hefur létt verulega undir með heimilum landsins frá þeim tíma en raunhækkun húsnæðisverðs á Íslandi (hækkun umfram verðbólgu) hefur mælst 53% á tímabilinu samanborið við 23% að meðaltali innan OECD. Aðeins mældist meiri hækkun í Ungverjalandi skv. samanburði OECD á raunverðshækkunum á tímabilinu.


Raunhækkun húsnæðisverðs frá 2014 til 2020 (Á3)



Með framlengingu er komið til móts við aukna skuldaáhættu heimila

Heimili landsins juku verulega við húsnæðisskuldur sínar á árinu 2020. Áhrif vaxtahækkana á greiðslubyrði og fjárhagslega stöðu heimila í kjölfar „kófsins“ gætu orðið töluverð. Framlenging á ráðstöfun séreignarsparnaðar til 2023 er mikilvæg áhætturáðstöfun fyrir heimili á tímum skerts afkomuöryggis og aukinnar efnahagsóvissu.

Ný útlán til heimila með veði í íbúð (m.kr. á ársgrundvelli)






Hjálpa þarf ungu fólki í meiri mæli en verið hefur

Kaupmáttur fólks á aldrinum 20–29 ára gagnvart húsnæðis kaupum lækkaði um 46% á árunum 2001–2019. Óvíst er um þróunina á næstu árum en spáð er áframhaldandi hækkun fasteignaverðs á árunum í kjölfar kófsins m.a. vegna misvægis í framboði og eftirspurn. Þegar tekin er afstaða til framlengingar á skattfrjálsri ráðstöfun séreignarsparnaðar inn á húsnæðislán ber að horfa sérstaklega til þess stór hluti ungs fólks sem steig sín fyrstu skref á fasteignamarkaði á áratugnum eftir hrun naut ekki stuðnings við fyrstu kaup skv. úrræðum stjórnvalda.



Kaupmáttur ungs fólks gagnvart húsnæðis kaupum (2001=100)*



*ráðstöfunartekjur 20–29 ára samanborið við markaðsverð fjölbylis á höfuðborgarsvæðinu

Kreppan hefur dregist á langinn og forsendur eru gjörbreyttar

Í nýlegri þjóðhagsspá Hagstofunnar er 2,6% hagvexti spáð á árinu 2021 sem er það lægsta innan OECD. Hagvaxtarspár á Íslandi fyrir árið 2021 eru þá háðar töluverðri óvissu m.a. vegna óvissu um þróun í þjónustuútflutningi. Spár um atvinnuleysi draga jafnframt upp dökka mynd af stöðunni. Mikilvægt er að stjórnvöld leiti allra leiða til að hjálpa heimilum landsins.



* <https://www.oecd.org/economic-outlook/march-2021/> og þjóðhagsspá Hagstofu Íslands